

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulagsbreyting, Skáli í landi Bjarnastaða.

Breytingin felur í sér að heimilt er að stofna nýja lóð út úr landi Skála, landnr. 213131, áður Bjarnastaðir 1, lóð. Ber nýja lóðin heitið Skáli 2 og er alls 50.000 m² að stærð. Skáli verður eftir það alls 50.360 m² að stærð. Breytingin varðar einnig stækkun á heildarstærð lóðanna vegna leiðréttingar á afmörkun við Biskupstungnabraut. Samþykkt í sveitarstjórn 3. október 2017.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 31. janúar 2018.

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

Pétur Ingi Haraldsson.

B-deild – Útgáfud.: 14. febrúar 2018